

Tillögur C-nefndar að texta í áfangaskjal¹

með skýringum²

Lagt fram til kynningar á 12. fundi Stjórnlagaráðs 9. Júní 2011


KAFLI UM LÝÐRÆÐISLEGA ÞÁTTTÖKU ALMENNINGS

1. gr. Málskot til þjóðarinnar

Tillaga C-nefndar	Skýrsla stjórnlaganefndar	Stjórnarskráin
<u>Nú hefur Alþingi samþykkt lög og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið að bera þau undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Alþingi getur þá samþykkt með meirihluta atkvæða að lögin verði felld niður.</u> <u>Alþingi skal einnig bera undir þjóðaratkvæði lög ef fimmtán af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykki laganna.</u> <u>Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá samþykkt laganna.</u> <u>Þó er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáráukalög, lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgia þjóðréttarskuldbindingum.</u> <u>Nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skulu settar með lögum.</u>	Dæmi A: Nú hefur Alþingi samþykkt lagafrumvarp og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið að leggja það undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar. Skulu þingmenn senda skriflegt erindi þessa efnis til forseta Alþingis innan þriggja daga frá því að frumvarpið var samþykkt. Áður en fimm dagar eru liðnir frá því að erindi samkvæmt 1. mgr. kom fram getur Alþingi samþykkt með meirihluta atkvæða að frumvarpið verði felld niður. Í þjóðaratkvæðagreiðslunni ræður meirihluti atkvæða niðurstöðu, en þó þurfa minnst 30 af hundraði kjósenda á kjörskrá að hafna frumvarpinu til þess að það teljist felld. Verði frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal það staðfest af forseta Íslands innan þriggja daga og veitir staðfestingin því lagagildi. Ákvæði þessarar greinar eiga	

¹Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

²Grænt letur gefur til kynna breytingu frá tillögum stjórnlaganefndar.



	ekki við um frumvörp til fjárlaga, fjáraukalaga, laga um skattamálefni, laga um ríkisborgararétt og laga sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.	
--	---	--

Skýring:

Hér er lagt til að þriðjungur þingmanna eða að 15% kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um nýsamþykkt lög. Greinin byggist á stórum hluta á tillögum stjórnlaganefndar. Þó ber að nefna nokkrar undantekningar.


Ekki er tekið fram að forseti skuli rita undir lög sem þjóðin hefur samþykkt, til samræmis við það að tilgreina ekki slík tilfelli, þar sem ekkert raunverulegt vald fylgir athöfnum forsetans.

Ekki er gerð krafa um lágmarkshlutfall þeirra sem þurfa að fella lögina í þjóðaratkvæðagreiðslu til að þau falli brott.

Gert er ráð fyrir að allt að ár geti liðið frá samþykkt laganna þar til þau eru lögð fyrir þjóðaratkvæði. Hér er löggjafanum gefið ákveðið svigrúm til að meta hverju sinni hve brýnt sé að fá niðurstöðu í þjóðaratkvæði um gildi tiltekinna laga.

2. gr. Þjóðarfrumkvæði

Tillaga C-nefndar	Skýrsla stjórnlaganefndar	Stjórnarskráin
<u>Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp um tiltekið málefni fyrir Alþingi til þinglegrar meðferðar. Þriðjungur þingmanna getur ákveðið að bera frumvarpið undir þjóðaratkvæði áður en það er afgreitt á Alþingi.</u> <u>Nánari reglur um málsmeðferð skulu settar með lögum.</u>	Dæmi A: Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varða almannahag ef 15 af hundraði kjósenda krefjast þess. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan þriggja mánaða frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir. Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar er bindandi þegar hún fjallar um gildi tiltekinna laga og meirihluti gildra atkvæða er fylgjandi tillögu sem borin er upp, þó minnst 30 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá. Þó er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skulu settar með lögum.	



	Dæmi B: Forseta er skylt að synja lögum eða ályktun Alþingis staðfestingar og skjóta máli til atkvæðis þjóðarinnar ef 15 af hundraði kjósenda á kjörskrá krefst þess. Forseti skal þó aldrei synja lögum staðfestingar sem nauðsynleg eru til að fullnægja skyldum ríkisins að þjóðarrétti eða fjárlögum.	
--	---	--

Skýring:

Hér eru tekin upp þau nýmæli að hluti kjósenda geti lagt fyrir Alþingi frumvarp sem fengi þá hefðbundna þinglega meðferð. Í þessu samhengi var rætt um ýmsa aðra kosti til dæmis þá tillögu stjórnlaganefndar að bera mætti tiltekin málefni upp til ráðgefandi atkvæðagreiðslu. Nefnd C þótti rétt að þingið hefði aðkomu að vinnslu lagafrumvarpa sem kæmu frá þjóðinni. Fallist þingið á frumvarpið getur hluti þingmanna eða kjósenda engu síður vísað þeim til þjóðaratkvæðis sbr. grein á undan. Verði ekki meirihluti fyrir málinu á þingi getur þriðjungur þingmanna engu síður ákveðið að bera málið undir þjóðaratkvæðagreiðslu.